

Verklagsreglur um innkaup á búnaði

Reglur þessar eru settar af Fasteignafélagi Hafnarfjarðar (FFH) og Fjárreiðudeild til að auðvelda starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar að flokka hvaða liðir teljist til

- byggingarkostnaðar húss
- stofnbúnaðar
- rekstrar viðkomandi stofnunar

Mikilvægt er að stofnanir Hafnarfjarðarbæjar geri sér grein fyrir því að viðhald á öllum búnaði og endurnýjun á að greiðast af rekstri viðkomandi stofnunar og gjaldfærast því við kaup. Þegar um nýbyggingar er að ræða og/eða meiri háttar endurbætur á eldra húsnæði sér Fasteignafélag Hafnarfjarðar um innkaup á búnaði í samráði við notendur og fyrir stofnbúnaðinn er greidd leiga. Afskriftatími fer eftir eðli búnaðar og endingartíma. Stofnanir þurfa að áætla fyrir leigu við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

1. Byggingarkostnaður.

Í stuttu máli má segja að innifalið í byggingarkostnaði húss er allur kostnaður við bygginguna og frágang lóðar. Auk þess teljast **allar fastar innréttingar til byggingarkostnaðar** sem og **stærri tæki í mötuneytiseldhús** sem teljast hluti af innréttingu, þ.e. eldavélar, uppþvottavélar ofnar, ísskápar og frystiskápar. Undir byggingarkostnað falla einnig merkingar utanhúss og kostnaður við afhendingu á húsi.

Engir aðrir en starfsmenn FFH hafa heimild til að stofna til kostnaðar sem fellur undir þennan lið. Allur framangreindur kostnaður er innifalinn í **húsaleigu** fyrir viðkomandi eign. Húsaleiga inniheldur **afskriftir, vexti, umsýslu, opinber lögbundin gjöld og viðhald**.

2. Stofnbúnaður eignfærsla.

Nýbyggingar, endurnýjun á húsnæði og breyting á notkun í húsnæði.

FFH hefur umsjón með innkaupum stofnbúnaðar og gerð áætlunar vegna þeirra, í samstarfi við leigutaka (notendur). Leigutaki (notandi) þarf að láta FFH vita af breyttri notkun og þörf á stofnbúnaði ef þarf fyrir fjárhagsáætlun næsta árs (ekki seinna en fyrir miðjan september ár hvert). Að öðru leyti er viðkomandi búnaður alfarið undir umsjón og á ábyrgð viðkomandi notanda (leigutaka) þar með talið tryggingar. FFH gerir ráð fyrir

heimildum til kaupa á stofnbúnaði í fjárhagsáætlun um leið og ákvörðun um fjárveitingu til byggingar er tekin.

Stofnbúnaður eru húsgögn og öll stærri tæki og tól sem nauðsynleg eru fyrir þá starfsemi og fylgja ekki húsnæðinu þegar skipt er um leigutaka og/eða viðkomandi húsnæði er tekið undir aðra starfsemi en áður. Undir stofnbúnað falla t.d. húsgögn, áhöld, rafmagnstæki, símar og fleira eftir eðli starfseminnar.

Önnur eignfærsla á búnað

Aðeins í *sérstökum tilfellum* utan þessa, þegar um *stór innkaup* er að ræða, kemur til eignfærslu á búnaði, þ.e. ef að kaupin valda stórum sveiflum í rekstri viðkomandi stofnunar frá ári til árs. Almennt skal miðað við að lágmarksupphæð fyrir eignfærslu á búnaði nemi ekki lægri fjárhæð en **einni milljón króna á ári** (á verðlagi október 2012). Búnaður er ekki eignfærður nema að áætlaður líftími hans sé að lágmarki þrjú ár. FFH skal hafa úrskurðarvald komi upp álitamál um hvenær beri að eignfæra búnað.

Viðkomandi stofnun þarf að óska eftir **fjárveitingu til bæjarstjórnar** eigi að koma til þess að búnaður verði eignfærður. Þegar fjárheimild er fengin sér FFH í samráði við innkaupastjóra þar sem það á við um innkaupin í samráði við notendur.

3. Rekstur.

Stofnanir bæjarins þurfa að gera ráð fyrir eðlilegri gjaldfærslu rekstrarvara, búnaðarkaupum, viðhaldi og endurnýjun búnaðar í rekstri sínum í samræmi við þessar reglur.

a. Rekstrarvörur.

Rekstrarvörur eru þær vörur sem notaðar eru til **rekstrar fyrir viðkomandi stofnun og eyðast eða úreldast á skömmum tíma**. Undir rekstur falla t.a.m. öll kaup á almennum rekstrarvörum, s.s. pappír, geisladiskum, vinnufatnaði, ræstivörum, ljósaperum bæði úti og inni og öðru sem þarf til starfseminnar og ekki flokkast sem stofnbúnaður. Rekstrarvörur sem þessar skulu gjaldfærast í rekstri viðkomandi stofnunar og eru FFH óviðkomandi.

b. Búnaðarkaup gjaldfærð.

Almenna reglan er sú að búnaðarkaup gjaldfærast hjá viðkomandi stofnun. Búnaður er einungis eignfærður í þeim tilvikum þegar um meiriháttar endurnýjun er að ræða eða ef þau valda miklum sveiflum í rekstri viðkomandi stofnana (sjá 2. Stofnbúnað).

Endurnýjun á stofnbúnaði utan þessa gjaldfærist í **rekstri viðkomandi stofnunar** og því þarf að gera ráð fyrir þeim liðum við gerð fjárhagsáætlunar hjá viðkomandi stofnun ár hvert.

4. Leigugreiðslur fyrir stofnbúnað.

Búnaði er í megin atriðum skipt upp í þrjá flokka með tilliti til endingartíma. Um fyrningartíma búnaðar og leigufjárhæðir þarf að skoða og búa til. Ekki er gert ráð fyrir að fyrningarflokkar verði fleiri en þrír nema í sérstökum undantekningartilfellum.

Innheimta á leigu hefst 1. janúar árið eftir að búnaður er keyptur.

Fyrir stofnbúnað er **reiknuð leiga** sem inniheldur **afskriftir, vexti og umsýslu**. **Enginn viðhaldskostnaður er innifalinn í leigu** fyrir stofnbúnað og allt viðhald slíks búnaðar er því rekstrarkostnaður sem fellur á leigutaka og þarf hann að **áætla fyrir þeim kostnaði í sínum rekstri**. **Viðhald og rekstur færist því á viðkomandi deild eða stofnun sem er að nota búnaðinn.**